

um frumvarp til laga um sölu á Presthólum.

Nefndin hefir athugað skjöl þau, er fylgja beiðni Halldórs prófests Bjarnarsonar um það að fá keypt prestsetrið Presthóla, og kynt sjer málið í heild sinni eftir föngum.

Neðri deild alþingis hafði þetta mál með höndum á síðasta þingi og sá þá ekki neitt því til fyrirstöðu, að Halldór prófastur fengi jörðina keypta, en sakir vantandi upplýsinga, vjek deildin málinu frá sér með rökstuddri dag-skrá, þar sem gert var ráð fyrir, að stjórnin seldi prófasti jörðina, svo framar-lega, sem ekkert reyndist með rökum því til fyrirstöðu.

Stjórnin telur sig þó bresta heimild til sölunnar, af því að sýslunefnd lagði á móti sölunni á sínum tíma. Í annan stað þykir Halldóri prófasti jörð-inu alt of hátt virt í virðingargerð frá 14. sept. 1911, þar sem virðingarverðið er 7200 kr. Hefir prófastur leitt rök að máli sínu í beiðni sinni til alþingis, sem prentuð er með frumv. á þingskjali 160.

Nefndin hefir athugað þetta atriði sjerstaklega og verður að fallast á, að þetta verð sje ærið hátt móts við það, sem aðrar þjóðjarðir þar um slóðir hafa verið seldar. T. d. var Leirhöfn ekki virt á nema 2500 kr., og eru þó jarðir þessar jafnar að hundradatali að fornu mati. Þegar miðað er við það, að jörðin öll var metin til afgangis á 120 kr. fyrir utan leigur árið 1908, þá ætti verð jarðarinnar samkvæmt því að vera um 4000 krónur.

Samkvæmt skýrslu prófests hefir hann varið nærfelt 3500 kr. til þess að bæta jörðina síðustu árin, og virðist ljóst, að jörðin hafi í þessari síðustu virðingargerð verið metin með jarðabótum þessum og kemur þessi virðingargerð þá heim við eldri virðingar. Var það og vorkunn, þótt virðingarmenn-irnir virtu jörðina með öllum jarðabótum, því að í útnefningarbrjefi sýslu-manns, dags. 5. ágúst 1911, er svo að orði kveðið, að virða skuli til peningaverðs prestsetrið Presthóla í Presthólahreppi »með öllum gögnum og gæðum, hús-um og öllu, er fylgir og fylgja ber«. Hjer er þeim ekki boðið að virða jörð-ina samkvæmt þeim reglum, er lögboðnar eru um sölu kirkjujarða.

Nefndin getur ekki talið neitt því til fyrirstöðu, að Halldór prófastur Bjarnarson fái jörðina keypta, en telur rjettara, að þingið ákveði ekki sölu-verðið, heldur fari það eftir mati óvilhallra, dómkvaddra manna, og sje metið samkvæmt 7. og 8. gr. laga 16. nóv. 1907 um sölu kirkjujarða. Þó ræður nefndin til, að jörðin verði ekki seld fyrir minna en 4000 kr. Samkvæmt þessu hefir nefndin gert breytingartillögu við frumvarpið á þingskjali 160, og mælir með því, að frumvarpið nái samþykki deildarinnar þannig breytt.

Neðri deild Alþingis, 12. ágúst 1912.

Jóh. Jóhannesson,  
formaður.

Benedikt Sveinsson.  
skrifari og framsögumaður.

Guðl. Guðmundsson.